

89 29. júní innar gefur tilefni til þess. Hið sama gildir, ef það sannast, að rangt hefir verið skýrt frá í skoðunarbeiðni, þannig, að í hinum óskoðuðu tunnum var verri sild en í þeim skoðuðu.

15. gr.

Sildarsaltendur eða þeir, sem þurfa að láta meta sild, skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir á stöðvum þeim, er sildin á að metast á, til þess að hægt sé að koma brennimerkingaráhöldum sildarmatsins í samband við raflagnir stöðvarinnar.

Þar sem ekki er rafmagn til afnota, leggi matsbeiðendur til nauðsynleg tæki til hitunar brennimerkjanna.

Fyrirkomulag á raftenglum og hitunartækjum til merkingar sé fyrirkomið og hagað eftir tillögum matsstjóra.

Matsbeiðendur greiða kostnað við hitun merkjatakjanna.

16. gr.

Matsgjald það, 25 aurar af hverri matjessildartunnu, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 53/1938, skal greitt til lögreglustjóra ásamt útflutningsgjaldi.

17. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út matjessild án þess að láta meta hana og fá matsvottorð um að hún sé útflutningshæf, sæti 500—2000 kr. sekt, er renni í ríkissjóð. Ef um ítrekað brot er að ræða, má hámarkssekt vera allt að 5000 kr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari fer sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessild og skozkverkaðri sild, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

90
20. júlí

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Búðakauptún í Suður-Múlasýslu frá 20. desember 1931.

Á eftir 9. gr. reglugerðarinnar koma V. og VI. kafli, svo hljóðandi:

V. KAFLI

10. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

11. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé þess getið á farmskránni, greiðist ekkert gjald.

12. gr.

90

20. júlí

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

- a. Nýr og saltaður fiskur óverkaður, nýjar fiskafurðir og síld, þegar þetta er flutt í land í höfninni eða flutt hingað frá öðrum verstöðvum.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar báta til eigin notkunar, sem eru fluttar úr landi.
- c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.
- d. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi, (varðskipi) og í herskip.

13. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri og formaður skips (eða báts) gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, sem skip hans hefir fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald greiðast eins og þar segir. Ef vafi leikur á því í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hreppstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

14. gr.

Vörugjald greiðist þannig:

A. Aðfluttar vörur:

1. fl. Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg kol, salt, sement, olliur, kornvöru, sykur og járnvörur.
2. fl. Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg allskonar vefnaðarvörur, skófatnaður, glysvarningur, ávextir, vínföng og lyfjavörur.
3. fl. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
4. fl. Gjald 5 aurar fyrir hverja tunnu: Tómar, uppsettar eða óuppsettar.
5. fl. Gjald 3 aurar fyrir hvert teningsfet trjáviðar og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.

B. Brotfluttar vörur:

1. fl. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg ull, dúnn, hert og söltuð skinn.
2. fl. Gjald 10 aurar fyrir 100 kg fiskur, lýsi, síld, hrogn, þurrkuð bein, kjöt, gærur og aðrar afurðir, sem reiknast eftir þyngd.
3. fl. Gjald 3 aurar fyrir hvert teningsfet aðrar afurðir, sem reiknast eftir rúmmáli.

Mínna vörugjald er þó 25 aurar.

Öll vörugjöld renna í hafnarsjóð Búðakauptúns.

VI. KAFLI

15. gr.

Vörugjald greiðir eigandi varanna eða umboðsmaður hans á Búðum, og hefir hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt. Ef skip eða bátar hafa ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

16. gr. Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalds og bryggjugjalds, en ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Hafnarsjóður hefir haldsrétt á skipi, unz gjöld eru greidd.

17. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

18. gr.

Enginn, sem hefir bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda. Sama gildir um skaðabótaskyld skip.

19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, nema þyngri refsing liggí við samkvæmt almennum lögum, og skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Búðakauptúns.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1938 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi fallnar 10.—14. gr. hafnarreglugerðar fyrir Búðakauptún í Suður-Múlasýslu frá 20. des. 1931.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. júlí 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Mýrasýslu.

FYRSTI ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka bæði til kauptúna og sveita.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega upphot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annarstaðar, þar sem almenningur